

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir sjálfseignarstofnunina Eirarhús.

Neðanskráð félagasamtök, stofnanir og sveitarfélög stofna með sér sjálfseignarstofnun sem ber nafnið Eirarhús, kt. 700394-2049.

1. Reykjavíkurborg.
2. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur.
3. Blindrafélagið.
4. Blindravinafélag Íslands.
5. Búnaðarbanki Íslands.
6. EIR, sjálfseignarstofnun.

Stofnfé er kr. 441.000 og skal það haldast óskert.

Eignir stofnunarinnar eru þau framlög í reiðufé eða öðrum verðmætum, sem berast og safnað verður til byggingar almennra kaupleiguíbúða.

### 1. gr.

Markmið og hlutverk stofnunarinnar er að reisa og reka almennar kaupleiguíbúðir. Verkefnið er langtímaverkefni.

Íbúar eiga val um einn af neðangreindum kostum:

- Leiga með kauprétti.
- Leiga með kaupum á eignarhluta í íbúð.
- Kaup á íbúðinni.

### 2. gr.

Stofnaðilar ábyrgjast greiðslur og stofnframlag eins og kveðið er á um í 68. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Réttur einstaklinga til íbúða er bundinn við þau atriði er fram koma í gildandi lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og IV. kafla gildandi reglugerðar um félagslegar íbúðir og Byggingasjóð verkamanna.

Ekki fá aðrir úthlutað íbúðum en þeir sem uppfylla ofangreind ákvæði og reglur stofnunarinnar á hverjum tíma.

Leigu skal jafnan stillt í hóf í samræmi við 73. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

### 3. gr.

Stofnaðilum skal gefinn kostur á að úthluta til skjólstæðinga sinna íbúðum, enda uppfylli þeir lög og reglur þar að lútandi. Skulu þeir þá ábyrgjast greiðslu á 10% af verði hvernar íbúðar og skilvísar greiðslur á eftirstöðvum til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

Úthluti sjálfseignarstofnunarinnar íbúðum beint skal hún sjálf ábyrgjast greiðslu á 10% af verði þeirra íbúða og skilvísar greiðslur á eftirstöðvum til Húsnæðisstofnunar ríkisins.

### 4. gr.

Hver stofnandi velur 2 menn til 4 ára setu í fulltrúaráði, sem fer með stjórn stofnunarinnar og einn til vara.

Fundir fulltrúaráðs skulu haldnir ekki sjaldnar en tvisvar á ári og skal boða þá með viku fyrirvara. Fundur er lögmatgur ef löglega er til hans boðað.

Fulltrúaráðinu er skylt að boða til fundar ef minnst 2 eignaraðilar óska þess.

## 5. gr.

Hlutverk fulltrúaráðsins er að fylgjast með framkvæmdum og rekstri á vegum stofnunarinnar, kjósa stjórn og endurskoðendur og setja stofnuninni þær reglur sem nauðsyn krefur.

## 6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara og skal kjörtímabil hennar vera 4 ár.

Formann skal kjósa sérstaklega, enda er hann jafnframt formaður fulltrúaráðs og boðar fundi þess. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

## 7. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar fer með fjármál hennar, annast framkvæmdir hennar og gerir samninga varðandi rekstur hennar. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda í samráði við kjörna endurskoðendur.

## 8. gr.

Stjórninni er heimilt að ganga frá sölu eða veðsetningu á einstökum íbúðum eftir því sem ástæða er til og lög heimila.

## 9. gr.

Hver húseining skal vera sjálfstæð rekstrareining.

## 10. gr.

Heimilt er að fjölga aðilum með samþykki meirihluta fulltrúaráðs.

## 11. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki 3/4 fulltrúaráðsins enda hljóti breytingin staðfestingu rétttra yfirvalda.

## 12. gr.

Verði stofnunin lögð niður skulu skuldlausar eignir hennar renna til EIRAR, hjúkrunarheimilis.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. júlí 1995.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Jón Thors.*